



**GARÐYRKJA & UMHVERFIÐ**  
BALDUR GUNNARSSON

## Safnhaugar í heimilisgörðum

Allt lífrænt efni, sem til fellur í garðinum, má nýta til jarðgerðar eða moltugerðar. Molta er ræktunarefni sem inniheldur mun meira af næringarefnum en mold, hefur eiginleika til að halda næringu vel og er því bæði áburðargjafi og jarðvegsbætir.

Laufblað sem fellur að hausti er óþekktanlegt fáeinum mánuðum síðar. Við líkjum eftir þessu þegar við jarðgerum heima í garði. Lífrænu úrgangsefni er blandað saman í haug og þegar réttu skilyrðin skapast í haugnum, það er nóg af raka og súrefni, tekur niðurbrotsbakteríum að fjölga og niðurbrot og hitamyndun hefst. Allt hráefnið þarf að hitna og því er mikilvægt að snúa haugnum og blanda. Æskilegt er að halda hita í haugnum, á bilinu 50-70°C í 3-4 daga. Hitinn í haugnum fellur síðan hægt, massinn breytir um lit og má þá leggja efnið í nýjan haug, til frekara niðurbrots.

Allt lífrænt efni sem fellur til í eldhúsi er í raun hægt að jarðgera. Hráefni sem laðar að meindýr, til dæmis matarleifar, þarf að jarðgera í lokuðu íláti eða safntunnu (lokuð jarðgerð). Garðaúrgang má hins vegar jarðgera í opnum safnkassa eða í haug (opin jarðgerð). Ílátið þarf að þol íslenskt veðurfar og velja skal skuggsælan stað í garðinum fyrir jarðgerðina. Tveggja eða þriggja hólfa safnkassar eru mjög hentugir fyrir garðaúrgang svo sem greinar, lauf og gras.

Gróflega má skipta hráefni í tvo flokka: grænt efni sem er köfnunarefnisríkt (til dæmis nýslegið gras) og hins vegar brúnt efni (stoðefni til dæmis trjágreinar) sem er kolefnisríkt.

Í eldhúsinu er gott að koma fyrir sérstakri fötu fyrir lífræna úrganginn. Þegar fatan er full er hún losuð í jarðgerðartunnuna utan-dyra. Setjið hálfa fötu af stoðefni (lauf, sag, dagblöð, hálm) á móti sorpfötunni í jarðgerðartunnuna. Þannig er efninu safnað yfir veturinn. Um sumarið er rétt að setja jarðgerðina í gang. Nýslegnu grasi af lóðinni er blandað saman við hráefnið og hrært vel saman við stoðefni (1/3 hluti).

Timburkassi (2-3 hólfa) hentar yfirleitt vel fyrir garðaúrganginn þar sem þeir eru stórir og taka við töluverðu efni. Setjið ekki eldhúsúrgang í kassann. Hægt að færa hráefnið á milli hólfa einu sinni á ári og er það þá tilbúið til notkunar á þriðja til fjórða ári. Hægt er að láta ferlið ganga hraðar fyrir sig ef hiti næst upp í efninu (sem drepur illgresisfræ) og haugnum er snúið reglulega.

Moltu er auðvelt er að nýta í allri ræktun. Almennt næst bestur árangur ef moltan er notuð í efsta jarðvegslagið. Nánari upplýsingar á [www.horticum.is](http://www.horticum.is).